

Framtíðarstarf Tæknistjóri hjá Norðursalti

Tækifæri fyrir metnaðarfullan iðnaðarmann í vél- eða rafgreinum.

Norður & Co ehf. leitar að drífandi og ábyrgðarfullum einstaklingi í framtíðarstarf tæknistjóra við Norðursalt á Reykhólum. Um er að ræða 100% starf eða eftir samkomulagi. Starfið er laust frá 1. janúar 2026 eða fyrr.

Starfið felur í sér ábyrgð á;

- Stjórnun á vélum og tæknilegum búnaði.
- Daglegu viðhaldi og rekstri búnaðar og húsnæðis.
- Skipulagningu og framkvæmd endurbóta.

Við leitum eftir lausnarmiðuðum og útsjónarsömum starfsmanni sem getur unnið sjálfstætt og í teymi.

Um fyrirtækið:

Norður & Co ehf. er framleiðslufyrirtæki sem framleiðir lífrænt vottað sjávarsalt til manneldis, þekkt undir nafninu *Norðursalt, Arctic Sea Flakes*. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 5 manns.

Þetta er tækifæri fyrir þig sem:

- Vilt starfa á traustum vinnustað með öflugum teymi og jákvæðum starfsanda
- Þráir fjölbreytt verkefni og áskoranir
- Vilt tækifæri til að vaxa og þróast í starfi
- Óskar eftir góðum launum fyrir gott starf

Starfsumhverfi:

- Krefjandi starf í skemmtilegu vinnuumhverfi
- Samskipti við viðskiptavinum og samstarf við samhentan hóp vinnufélaga

Við leitum að einstaklingi sem:

- Hefur reynslu af sambærilegum störfum
- Er lipur í mannlegum samskiptum
- Sýnir frumkvæði og vinnur sjálfstætt
- Hefur ríka þjónustulund og tekur ábyrgð á verkefnum
- Er jákvæður og lausnamiðaður

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Krafist er menntunar eða mikillar reynslu í vél- eða rafgreinum.
- Reynsla af viðhaldi tækja og vélbúnaðar í iðnaði mikilvæg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almenn tækniþekking og áhugi
- Færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Lausnamiðað hugarfar
- Íslenskukunnátta

Fríðindi; Norðursalt getur útvegað húsnæði eða aðstoðað við milligöngu vegna húsnæðis. Aðgangur að ávöxtum á vinnutíma.

Umsóknarferli:

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið ingibjorg@nordurco.com. Umsóknarfrestur er til 5. október 2025.